



Borgarráð

Arnarbakki 8 - leiga á gæsluvallarhúsi.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi húsaleigusamning við Halyna Vasylivna Halapats kt. 160177-2259, Kóngsbakka 15, 109 Reykjavík um gæsluvallarhús að Arnarbakka 8, Reykjavík, dags. 7. júní 2019.

Greinargerð:

Húsaleigusamningurinn er ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnarfresti og er fyrirhuguð starfsemi í húsinu barnagæsla. Húsaleigusamningurinn er að öðru leiti sambærilegur öðrum húsaleigusamningum um gæsluvallarhús. Húsaleiga er kr. 80.000. pr. mánuð fyrir 54,0 fermetra húsnæði. Auglýst var eftir tilboðum og barst tilboð Halyna í leigu húsnæðisins. Gæsluvöllurinn er opinn almenningi til jafns við leigutaka.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Afrit húsaleigusamnings um gæsluvöll dags. 7. júní 2019.

LEIGUSAMNINGUR

um gæsluvallarhús við Arnarbakka 8

Undirritaðir gera með sér eftirfarandi samning um leigu á gæsluvallarhúsi að Arnarbakka 8, fastanúmer 204-7896

Samningsaðilar

Leigusali: Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborg - eignasjóður
kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Daniela Katarzyna Zbikowska
Póstfang: daniela.kz@reykjavik.is, sími 6203871

Leigutaki: Halyna Vasylivna Halapats kt.160177-2259 Kóngsbakka 15,
109 Reykjavík. Gsm: 847-8192 netfang: halynahalapats@gmail.com

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er gæsluvallarhús við Arnarbakka 8 í Reykjavík. Um er að ræða um 54,0 m² gæsluvallarhús. Fastanúmer 204-7897. Leigutaka er heimil afnot af lóð gæsluvallarins til jafns við aðra sbr. 8. gr.

Leigutakar hyggjast nýta hið leigða til reksturs á daggæslu barna í heimahúsum sem lýtur leyfi Leikskóla Reykjavíkur samanber reglugerð nr. 907/2005 og 941/2002 ef áætlað að tveir dagforeldrar starfi saman. Önnur starfsemi er óheimil án samþykkis leigusala.

2.gr.

Leigutími

Leigutímabilið hefst hinn 1. september 2019. Samningur þessi er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru þrjú mánuðir. Afhending gæti þó farið fram fyrir en leiga greiðist engu að síður frá 1. september 2019. Leigutaki greiðir þó allan rekstrarkostnað hins leigða frá og með raunverulegum afhendingartíma.

3.gr.

Leigukjör

Húsaleiga skal vera kr. 80.000.- á mánuði og greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar. Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Húsaleiga skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum fjárreiðudeildar Reykjavíkurborgar og fylgja reglum deildarinnar um eindaga og vexti.

Húsaleigan miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er þann 1. júní 2019 (467,0 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

Ef ekki er hægt að styðjast við framangreinda vísitölu eða hún er ekki lengur virk vegna aðgerða opinberra aðila geta samningsaðilar krafist endurskoðunar á leigukjörum með

HH
MK

**9.gr.
Starfsemi o.fl.**

Starfsemi sú sem leigutaka er heimilt að stunda í hinu leigða húsnæði fellur undir reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum.

**10.gr.
Framleiga**

Leigutaka er óheimil framleiga hins leigða húsnæðis.

**11. gr.
Sérákvæði**

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eflir því sem við getur átt.

Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur og sækir um þau rekstrarleyfi sem þarf fyrir þessa starfsemi. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila fyrir sig.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 7 júní 2019.


F.h. leigutaka



F.h. leigusala


Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila.


Ivar Órn Ivarsson
090583-3369
